

**233** Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurböfn, nr. 47 8. apríl 29. des. 1949, með síðari breytingum, nr. 9 14. janúar 1953, nr. 21 17 febrúar 1955 og nr. 186 15. desember 1958.

*Samgöngumálaráðuneytið, 29. desember 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**234**

## AUGLÝSING

### um breyting á gjaldskrá héraðslækna.

Frá og með 1. janúar n. k. og þangað til öðruvisi verður ákveðið, hækka allir liðir gjaldskrár héraðslækna (sbr. auglýsingar ráðuneytisins nr. 2 11. janúar 1933, nr. 30 1. marz 1943, nr. 15 6. febrúar 1952, nr. 26 25. febrúar 1955 og nr. 89 12. júlí 1956) þannig, að almennt viðtalsgjald, sem samkvæmt hinni upphaflegu gjaldskrá 1933 var 2 krónur, verður 20 krónur, og aðrir liðir hækka tilsvarandi.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 30. desember 1961.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Elias Eliasson.*

## 235 MINNISVARÐASJÓÐUR HANNESAR HAFSTEIN

Reikningur yfir tímabilið 1. janúar 1959 til 31. desember 1960.

### Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári skv. birtum reikningi .....	kr. 837.09
Aukning skv. eftirfarandi reikningi .....	— 115.80
	<hr/>
	Kr. 952.89
Tekjur:	
Vextir af sparisjóðsinnstæðu .....	kr. 115.80
	<hr/>
	Kr. 115.80
Gjöld:	
Lagt við höfuðstólinn .....	kr. 115.80
	<hr/>
	Kr. 115.80

*Forsætisráðuneytið, 10. ágúst 1961.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**